

rjettinum borið að stefndur hafi greitt því samkvæmt lofordi uppbót, sem að minsta kosti hefir verið 15 %, af andvirði afla frá 1918 seldum stefndum, sem sýnir að stefndur hefir í þessu tilfelli gert samskonar samning og stefnandi heldur fram að hann hafi gert við sig, þá þykir að þessu athuguðu, sjerstaklega með tilliti til þeirrar uppbótar, sem stefndur hefir þegar greitt stefnanda, framkomnar svo miklar líkur fyrir staðhæfing stefnanda um skilmálana fyrir sölunni, að rjett sje að láta úrslit málsins vera komin undir eiði stefnds, þannig að ef hann synjar fyrir með eiði að hafa keypt fisk þann frá árinu 1918, sem stefnandi seldi honum 1918 og í jan. 1919 með þeim fyrirvara að hann skyldi greiða stefnanda þá uppbót á verðinu, sem Útflutningsnefnd síðar kynni að greiða honum á hann að vera sýkn af kröfum stefnanda máli þessu, en vinni hann ekki svofeldan eið á hann að greiða stefnanda kr. 2225,20 með 6 % ársvöxtum frá 1. jan. 1921, þar eð öll uppbótin virðist ekki hafa verið greidd stefnanda fyr.

Rjett þykir að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. okt. 1925.

Nr. 6/1925. **Jónas Þorbergsson** (Jón Ásbjörnsson)
 gegn

Þorvaldi Helgasyni o. ofl. (Enginn).

Meiðyrðamál.

Dómur aukarjettar Akureyrarkaupstaðar 24. maí 1924: Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk. Þorvaldur Helgason, Aðalstræti 30, Benedikt Björnsson, Aðalstræti 12, Sveinn Helgason, Lækjargötu 22, Sigurjón Jóhannesson, Aðalstræti 72, Friðrik Jakobsson, Hafnarstræti 11, Sigurður J. Gíslason, Hafnarstræti 88, Sigurbjörg Ólafsdóttir, Ráðhússtíg 2, Jóhanna Sveinsdóttir, Aðalstræti 12, Guðbrandur Sigfússon, Aðalstræti 63, Jakob Lilliendahl, Aðalstræti 18, Kristján Bjarnason, Lækjarbakka, Jón Helgason, Eyrarlandi, Stefán Pjetursson, Aðalstræti 34, Bessi Einarsson, Aðalstræti 52, Ármann Tómasson, Lækjargötu 6, Sigurður Jónsson, Aðalstræti 12, Kristín Jóelsdóttir, Aðalstræti 12, Filippía Pálsdóttir, Aðalstræti 12,

Albína Helgadóttir, Aðalstræti 36, Tómas Jónsson, Lækjargötu 18 og Valdimar Halldórsson, Lækjargötu 14, öll til heimilis á Akureyri, greiði stefnandanum ritstjóra Jónasi Þorbergssyni, öll fyrir eitt og eitt fyrir öll 125 — eitt hundrað tuttugu og fimm — krónur í málskostnað.

Hið ídæmda að greiða innan 15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Við þingfestingu máls þessa í hæstarjetti 29. maí s. l., var mætt, bæði af hálfu áfrýjanda og stefndu, og málinu þá, með samþykki umboðsmanns stefndu, frestað til fyrirtektar í septembermánuði. En er málið þá skyldi flutt, mætir enginn af hálfu stefndu, og hefir málið því verið rekið samkvæmt 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Það er rjettilega tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að hin átöldu ummæli eru ærumeiðandi fyrir áfrýjanda, að þau eru eigi rjettlætt og að dæma beri þau ómerk. En með því að móðgun þeirri, er þau eiga að vera svar við, eigi var beint gegn stefndu, brestur heimild til að beita ákvæðum 221. gr. hegningarlaganna um þetta mál og verða stefndu því að sæta sektum fyrir þau samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna. Ákveðst sektin 30 krónur í ríkissjóð fyrir hvert hinna stefndu og greiðist innan 14 daga frá löglegri birtingu dóms þessa, en þau hinna stefndu, er eigi greiða sekt sína innan þessa frests sæti 3ja daga einföldu fangelsi. Um ómerkingu hinna átöldu ummæla og málskostnað í hjeradi á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, en stefndu greiði áfrýjanda in solidum málskostnað í hæstarjetti með 250 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Stefndu Þorvaldur Helgason, Benedikt Björnsson, Sveinn Helgason, Sigurjón Jóhannesson, Friðrik Jakobsson, Sigurður J. Gíslason, Sigurbjörg Ólafsdóttir, Jóhanna Sveinsdóttir, Guðbrandur Sigfússon, Jakob Lilliendahl, Kristján Bjarnason, Jón Helgason, Stefán Pjetursson, Bessi Einarsson, Ármann Tómasson, Sigurður Jónsson, Kristín Jóelsdóttir, Filippía Pálsdóttir, Albína Helgadóttir, Tómas Jónsson og Valdimar Halldórsson greiði 30 króna sekt í rikissjóð hvert innan 14 daga frá löglegri birtingu dóms þessa, en sæti 3 daga einföldu fangelsi sje sektin eigi greidd á rjettum tíma.

Um ómerkingu hinna átöldu ummæla og um málskostnaðargreiðslu í hjerði á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður en málskostnað í hæstarjetti greiði stefndu áfrýjanda Jónasi Þorbergsyni in solidum með 250 krónum.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Meiðyrðamál þetta, sem er hafið með sáttakæru dags. 17. des. f. á. og rjettarstefnu 6. febrúar þ. á. er risið útaf yfirlýsingu er birt var í 44. tölublaði vikublaðsins Íslendingur er út kom 23. okt. f. á. Var yfirlýsing þessi undirrituð af nefndum Þorvaldi Helgasyni og 20 öðrum konum og körlum, er atvinnu höfðu hjá h/f. Carl Höpfner síðastliðið haust. Telur stefnandinn að í niðurlagi yfirlýsingar þessarar hafi undirskrifendurnir beint að sjer mjög niðrandi og ærumeiðandi ummælum er varði við lög. Eru

ummæli þau er stefnandi átelur þessi: „Viljum vjer um leið lýsa yfir því, að vjer teljum slíka blaðamensku er ritstjóri *Dags* hefir tamið sjer óheiðarlega o. s. frv.“ Krefst hann að hin átöldu ummæli verði dæmd dauð og ómerk og að hinir stefndu allir 21 að tölu verði dæmdir til að greiða sjer allan kostnað við mál þetta eftir reikningi eða mati rjettarins.

Umboðsmaður hinna stefndu krefst aftur á móti að þeir verði allir sýknaðir af kærnum og kröfum stefnandans og að þeim verði, hverjum um sig, tildæmd hæfileg upphæð fyrir óþara málsýfingu og auk þess málskostnaður eftir reikningi eða mati rjettarins.

Dómkröfur sínar byggir umboðsmaður hinna stefndu á því fyrst og fremst að hin átöldu ummæli hafi verið sönn og rjettmæt og geti því eigi varðað við lög. Hefir hann til sönnunar þessu lagt fram í rjettinum 20 blöð af vikublaðinu *Dagur* (rjettarskjöl 8—27) og bent á fjölda af greinum eða kafla úr greinum er stefnandinn hefir ritað eða ber ábyrgð á sem ritstjóri blaðsins. Jafnframt heldur hann því fram, að þótt svo yrði litið á að hin viðhöfðu orð væru fullsterk, þá beri eigi að sekta stefndu fyrir þau, því þau hafi notað þau í nauðvörn og hafi stefnandinn unnið sjer til óhelgi með aðdróttunum þeim, sem hann hefir beint gegn verjanda málsins og verslunarstjóra þeim, er hefir veitt þeim (stefndu) atvinnu.

Af hinum framlögðu skjölum má sjá að tilefni til yfirlýsingar þeirrar er mál þetta er risið útaf er grein með fyrirsögninni „Íslendingar gegn útlendingum“ í 47. tölublaði blaðsins *Dags* er út kom 17. okt. f. á. Segir þar að sterkur orðrómur gangi um að þeir (það er erlendir selstöðukaupmenn og vika-piltar erlendra okurfjelaga) noti aðstöðu sína gagnvart fátækum vinnulýð til þess að tryggja skjólstaðing sínum Birni Líndal fylgi, á þann hátt að hóta fátæku verkafólki atvinnumissi og öðrum óþægindum, ef það ekki kjósi hann. Má af öðrum stað í sömu grein sjá að ummælum þessum er beint meðal annars að Höepfnerverslun á Akureyri, en við þá verslun höfðu undirskrifendur yfirlýsingarinnar atvinnu haustið 1923.

Að rjettarins áliti er augljóst að hin átöldu ummæli eru ærumeiðandi og þá saknæm samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. Og þótt umboðsmaður hinna stefndu hafi bent á ýms orð og ummæli í mörgum blaðagreinum er stefnandinn ber ábyrgð á, sem verða að teljast óviðeigandi og alt af

hvatvísleg og sem varða við lög, þá rjettlætir það þó ekki nægilega þann almenna dóm stefndu um stefnandann, að hann hafi tamið sjer óheiðarlega blaðamensku. Aftur á móti verður rjetturinn að líta svo á, að hinar nærgöngulu og harðorðu aðdróttanir í garð vinnuveitanda hinna stefndu, í framannefndri grein í 47. tölublaði Dags f. á. og í ýmsum öðrum greinum, sem verjandi stefndu hefir vitnað í, hafi verið beinlínis móðgandi fyrir þá, bæði af því að þá tók sárt til vinnuveitandans og af því að þar kom fram lítilsvirðandi yfirlýsing á sambandi stefndu við vinnuveitandann. Verður þetta að teljast afsökun fyrir stefndu, og það því fremur sem þau eru öll lítt upplýst alþýðufólk, sem eigi kann eins vel að haga orðum sínum eins og þeir sem við ritstörf fást. Virðist því rjett að beita hjer ákvæðum 221. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og láta sektarhegningu falla niður. En eins og að framan segir eru hin átöldu ummæli, „að vjer teljum slíka blaðamensku, er ritstjóri Dags hefir tamið sjer óheiðarlega“ engu að síður saknæm og ber því samkvæmt kröfu stefnandans að dæma þau dauð og ómerk. Þá ber og að dæma stefndu, einn fyrir alla og alla fyrir einn, til að greiða stefnandanum málskostnað, er virðist eftir atvikum hæfilega metinn 125 krónur.

Miðvikudaginn 21. okt. 1925.

Nr. 36/1929.

Borgeir Borgeirsson
 gegn
Þórði Bjarnasyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Borgeir Borgeirsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.
